



Fundargerð stjórnar (5)

Fundur stjórnar Hjallastefnunnar var haldinn í Hæðasmára 6, Kópavogi miðvikudaginn 5. maí 2021 og hófst kl. 16:07.

Fundinn sátu: Helga Jónsdóttir, Margrét Pála Ólafsdóttir, Margrét Theodórsdóttir, og Matthías Matthíasson en Guðmundur Kristjánsson boðaði forföll. Jafnframt sat Katrín Dóra Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri fundinn og ritaði fundargerð.

Dagskrá

Hjallastefnan ehf

1. Fundargerð frá 21.04.21 staðfest.

2. Fjárhagsleg staða

Alma Guðmundsdóttir fjármálastýra fór yfir fjárhagsstöðu félaganna og kynnti skóla Hjallastefnunnar um landið. Málin rædd og svaraði fjármálastýra spurningum stjórnarmanna.

3 Ráðning framkvæmdastjóra

HJ mat sig vanhæfa við meðferð málsins og vék af fundi kl. 16:50. MPÓ tók við fundarstjórn

MPÓ kynnti að í samráði við Margréti Theodórsdóttur hafi hún sem stjórnarformaður og meirihlutaeigandi boðið Bóasi Hallgrímssyni starf framkvæmdastjóra í janúar sl. Óskaði hún staðfestingar nýrrar stjórnar á samkomulagi við hann. BH kom inn á fundinn rafrænt og kynnti sig fyrir stjórn. Ákveðið var að BH komi til starfa við hlið núverandi framkvæmdastjóra hinn 1. júlí n.k. KDP mun ljúka skilgreindum verkefnum framkvæmdastjóra samkvæmt ráðningarsamningi og er þess vænst að þeim ljúki í október n.k. Stjórn felur stjórnarformanni að endurskoða starfshlutfall, tíma og verkefni KDP í samvinnu við BH.

HJ kom aftur inn á fundinn 17:15 og tók við fundarstjórn.

4. Framvinduskýrsla framkvæmdastjóra

KDP kynnti skýrslu sína sem er aðgengileg með öðrum gögnum fundarins.

Hjallastefnan - grunnskólar ehf

5. Samtal við Reykjavíkurborg vegna Barnaskólans í Reykjavík (BSR)

HJ fór yfir samtöl sem átt hafa sér stað í könnunarviðræðum við Reykjavíkurborg og renndi gegnum ramma um þjónustusamning aðila á milli, og minnisblöð til borgarlögmanns um árangur Hjallastefnunnar og rök fyrir samningagerð. Málið rætt og ákveðið að fara í formlegar samningaviðræður með það að markmiði að barnaskólinn verði rekinn áfram í húsnæði Korpuskóla á næsta skólaári. Stjórnarformanni og framkvæmdastjóra falið að annast formlegar viðræður á þeim grunni, sem hefur verið lagður.

Stjórn fól KDP að skýra stjórnendum Barnaskólans frá stöðu mála og eiga samvinnu við þá um að upplýsa starfsfólk og foreldra barna í BSR um málið. Skólastjórnendum verði falið að kanna hversu margir foreldrar velja að flytja börnin sín með í grunnskólann í Korpu.



Hjallastefnan

Hjallastefnan - leikskólar ehf

6. Leikskólinn Öskju vegna BSR

KDP fór yfir fyrirbyggjandi minnisblað um rekstur Leikskólans Öskju en samningur um rekstur hans á núverandi lóð rennur út 1. janúar 2022. Lóðarhafi, Háskólinn í Reykjavík, hefur þó heimilað að skólinn verði starfræktur á núverandi stað til sumarsins 2022.

Framkvæmdastjóra falið að biðja forsvarsmenn leikskólans að upplýsa foreldra um að framtíð skólans sé óljós eftir næsta sumar en að viðræður við Reykjavíkurborg séu áformaðar. Formlega þarf að segja upp samningi við Reykjavíkurborg. Í ljósi óvissu er ekki talið rétt að fjölga börnum í leikskólanum á næsta ári.

7. Önnur mál

- a. Vegna sóttvarnartakmarkana flyst fundur með stjórn, stjórnendum og starfsfólki miðstöðvar: Hugsjónir Hjallastefnunnar; staða og stefnumótun, sem áformaður var 10. maí til 3. júní kl. 13-17.

Fundi slitið kl. 18:27

+354 555 7020
hjallastefnan@hjalli.is
hjalli.is